

*Arnþjotur B. Olson*

## PÁLL SJÓRÆNINGI.

### I. KAPITULI.

#### INNGANGUR.

Það var kaldur rigningardagur að haustlagi, og sólin, sem ekki hafði séð til frá því um morguninn, var komin fast að áfangastað sínum í vestrinu. Eftir veginum frá Malmshury til Bristol gekk karlmaður og tvö börn. Maðurinn var á unga aldri—ekki yfir tuttugu og sex ára gamall—og klæddur í sjómanna búning. Hann var lágur vexti, en gildur og þreklega vaxinn; andlit hans var kopar-rautt og skein út úr því vitsmunir og hyggindi. Hver aðgætinn maður gat lesið út úr því, að maðurinn var bráðlyndur og hafði ákaft lundarlag, og að samvizkusemi mundi aldrei hindra hann frá að koma sínu fram ef það reið honum á nokkuru. Á annarri öxlinni bar hann ofurlítinn böggul, og í einu horninu á vasaklútnum, sem hann brúkaði í staðinn fyrir handtösku, var prentað með litlum, svörtum stöfum nafnið—Marl Loran. Það verðum vér að ímynda oss, að hafi verið nafn ferðamannsins.